

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um laun forstjóra og stjórna
fyrirtækja í eigu ríkisins.

Frá Þorsteini Víglundssyni.

1. Hver voru á árunum 2014–2017 laun forstjóra eftirtalinna fyrirtækja:
 - a. Isavia,
 - b. Íslandspóstis,
 - c. Landsvirkjunar,
 - d. RARIK,
 - e. Orkubús Vestfjarða,
 - f. Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, Kadeco,
 - g. Landsbanka Íslands,
 - h. Íslandsbanka?
2. Forstjórar hverra hinna framangreindu fyrirtækja fengu laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs?
3. Hvenær færðust forstjórar hinna framangreindu fyrirtækja undan kjararáði og hvaða áhrif hafði það á laun þeirra?
4. Hver var aðkoma ráðuneytisins að ákvörðunum um laun forstjóra hinna framangreindu fyrirtækja?
5. Hver voru á árunum 2014–2017 laun eftirtalinna stjórnarmanna framangreindra fyrirtækja:
 - a. formanns stjórnar,
 - b. almennra stjórnarmanna,
 - c. varamanna í stjórn?
6. Hvernig voru laun stjórnarmanna í framangreindum fyrirtækjum ákveðin á þessu tímabili? Hver var aðkoma ráðuneytisins að þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.